



## Skjalastefna Þingeyjarsveitar 2023-2028

Í starfsemi Þingeyjarsveitar verða til skjöl sem sýna fram á starfsemi sveitarfélagsins og styðja við rekstur þess. Sveitarfélagið ber ábyrgð á eigin skjölum í samræmi við lög og reglugerðir.

### Tilgangur og gildissvið

Skjalastefnu Þingeyjarsveitar er ætlað að tryggja örugga meðferð og vörslu opinberra skjala með réttindi borgaranna og hag stjórnsýslu sveitarfélagsins að leiðarljósi. Með ábyrgri stefnu Þingeyjarsveitar er leitast við að tryggja að öll meðferð skjala sé áreiðanleg og að skjölin séu ávallt aðgengileg og varðveitt í samræmi við lög, viðeigandi vinnureglur og staðla.

Stefnan nær til allra skjala sem tengjast starfsemi sveitarfélagsins. Stefnan gildir um skjöl hjá öllum starfsmönnum, stofnunum, deildum og félaga í meirihluta eigu Þingeyjarsveitar, óháð formi.

Skjöl eru hvers konar gögn, jafnt rituð og í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og hafa orðið til, borist eða verið viðhaldið við starfsemi á vegum Þingeyjarsveitar eða einstaklings sbr. 2. gr. laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

### Markmið

- **Leiðarljós:** að tryggja kerfisbundna stjórnun skjala þ.e. frá því að skjöl verða til innan sveitarfélagsins eða berast að, þar til þeim er annað hvort eytt samkvæmt heimild eða þau afhent Héraðsskjalasafni Þingeyinga.
- **Réttur almennings til aðgangs að skjölum:** að aðgengi og meðferð skjala styðji við hlutverk sveitarfélagsins og réttindi íbúa.
- **Sameiginlegt minni:** að byggja upp sameiginlegt minni sveitarfélagsins, samkvæmt viðurkenndu skjalakerfi, sem uppfyllir lagalegar kröfur sem gerðar eru, væntingar viðskiptavina um afgreiðslu mála og verndun persónuupplýsinga.
- **Aðgengi og rekjanleiki:** að tryggja aðgengi og rekjanleika mála og að standa vörð um áreiðanleika, réttleika, nothæfi og uppruna skjala.
- **Skráning og flokkun:** Að skráning skjala í rafrænum skjalakerfum sé til fyrirmyndar þannig að leit að skjölum sé hraðvirk, auðveld og árangursrík.
- **Öryggi:** að tryggja öryggi og heilleika skjala. Að fyllsta öryggis sé gætt skv. reglum um aðgangsstjórnun skjala og lögum um persónuvernd.
- **Samræmi:** að samræma skjalaskráningu, flokkun, vistun, langtíma varðveislu og grisjun skjala samkvæmt lögum og reglum þar um. Koma skal í veg fyrir ósamræmda vistun skjala á einkasvæðum, sameiginlegum svæðum, í tölvupósti, einkatölvum, skýjum eða færanlegum miðlum.
- **Áreiðanleiki og uppruni:** að tryggja áreiðanleika og uppruna skjala með aðgreindum skjalasöfnum hversrar starfseiningar og að skjalaröðun innan hvers safnsins skal haldið óbreyttri við varðveislu gagna.
- **Langtímavarðveisla:** að varðveisla skjala sé samkvæmt samþykktari skjalavistunaráætlun frá Héraðsskjalasafni Þingeyinga.



## Umsjón og ábyrgð

**Sveitarstjóri:** ber ábyrgð á að skjala- og upplýsingastjórnun sé í samræmi við lög og reglugerðir og tryggir skjalafulltrúa stuðning við framkvæmd skjalastefnu sveitarfélagsins.

**Skjalafulltrúi:** hefur umsjón með skjala- og upplýsingastjórnun í umboði sveitarstjóra og framfylgir skjalastefnu með stuðningi hans og næsta yfirmanns, sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs. Skjalastjóri ber ábyrgð á daglegri móttöku, skráningu og frágangi skjala. Skjalastjóri leiðbeinir starfsfólki og tryggir að réttu verklagi sé fylgt.

**Sviðstjórar:** tryggja að myndun og varðveisla skjala sé hluti af starfsemi sviðsins og í samræmi við skjalastefnu.

**Forstöðumenn:** bera ábyrgð á skjalamálum sinna stofnana. Þeir tryggja að myndun og varðveisla sé hluti af starfsemi stofnana.

**Starfsfólk:** skal meðhöndla þau skjöl sem þau móttaka, útbúa eða meðhöndla í sínu starfi hjá sveitarfélaginu samkvæmt lögum og reglum sem um þau gilda og samkvæmt kröfum um vönduð vinnubrögð.

## Lög og reglugerðir

Lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn mynda lagaramma fyrir skjalavörslu opinberra aðila á Íslandi, þ.m.t. sveitarfélaga og stofnana þeirra. Lög og reglugerðir sem halda skal í heiðri fyrir skjalastjórnun eru:

- Reglur nr. 283/1994 um héraðsskjalasöfn
- Upplýsingalög nr. 140/2012
- Stjórnsýslulög nr. 37/1993
- Persónuverndarlög nr. 90/2018

## Endurskoðun

Endurskoða skal skjalastefnu Þingeyjarsveitar á fimm ára fresti eða oftari ef tilefni er til.

*Samþykkt á 41. fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 22.02.2024*

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir

sveitarstjóri

Málsnúmer 2303049